# Opinn fundur VÍK
# 28. sept. 2005

Álitamál er varða réttarstöðu ökumanna torfærubifhjóla

Jóhann Halldórsson

# Álitaefnin!

- Hvar má aka torfærubifhjólum?
- Hverjir mega aka torfærubifhjólum?

# Hvar?

**Umferðarlög nr. 50/1987**

- **43. gr. Akstur torfærutækja.**
- Eigi má aka torfærutæki á vegi, sem ekki er einkavegur………

  - Augljós gagnályktun þess efnis að umferðarlög heimila akstur torfærubifhjóla utan vega

**Náttúruverndarlög nr. 44/1999**

- **17. gr. Akstur utan vega.**
- Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega…….

  - 6. gr. reglurgerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands heimilar aðeins akstur innan akstursíþróttasvæða

# Lögskýring

- Umferðarlög gera beinlínis ráð fyrir akstri utan vega.
- Náttúruverndarlög banna alla umferð utan vega.
- Augljóslega misræmi
- Hefur valdið misskilningi og togstreitu á milli hjólamanna og yfirvalda
- Hártoganir í lögskýringu þjóna engum tilgangi, skýra þarf réttarstöðuna.
- Greinarmunur á hjólum með hvít númer annars vegar og rauð númer hins vegar

# Hvít númer

- Skýr réttarstaða hvað varðar torfærubifhjól á hvítum númerum.
- Almennar reglur umferðarlaga.
  - Heimilt að aka á vegi.
  - Samhljóða skýring á hugtakinu:
    - *Vegur:*
      Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

# Rauð númer

- Má ekki aka á vegum skv. umferðarlögum (undantekningar skipta ekki máli í þessu sambandi).
- Má hvergi aka nema á sérstökum akstursíþróttasvæðum skv. Náttúruverndarlögum.
- Allt að einu skráningarskyld og háð skyldutryggingu skv. Umferðarlögum.

# Rauð númer frh.

- Skráningarskylda og skyldutrygging óréttlát!

- Hvers vegna?:
  - Má ekki aka á vegi.
  - Engin skoðunarskylda eða eftirlit.
  - Þarf hvort sem er að tryggja öll hjól sérstaklega innan akstursíþróttasvæða skv. 5. gr. reglugerðar “vegna þeirrar áhættu sem í keppni fellst” eins og það er orðað.

# Rauð númer frh.

- Engin undanþága frá skyldutryggingu í reglugerð um akstursíþróttir þrátt fyrir lagaheimild í umferðarlögum.

- Í 3. mgr. 34. gr. er ráðherra heimilað:
  - “að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og vátryggingu ” .

# Úrlausnarefnin

- Fjölga þarf sérstökum akstursíþróttasvæðum til þess að fullnægja þörfinni fyrir báða flokka
- Lækka eða afnema aðflutningsgjöld af torfærubifhjólum
- Undanskilja torfærubifhjól almennri tryggingarskyldu og skilgreina sérstaka tryggingu er taki til aksturs á akstursíþróttasvæðum bæði á æfingum og í keppni.

# Hverjir – réttur til aksturs

- **55. gr. Ökuréttindi**
- Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða til að mega stjórna bifreið......
- ….. Ökuskírteini til að mega stjórna léttu bifhjóli má eigi veita þeim, sem er yngri en 15 ára, enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.
- Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli….

# Hverjir frh.

- Annað hvort þarf venjuleg ökuréttindi eða réttindi til að aka léttu bifhjóli.
- Akstur barna yngri en 15 bannaður nema:
  - Í 16. gr reglugerðar um akstursíþróttasvæði segir: “Með leyfi lögreglustjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um ökuskírteini og lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppnir á lokuðum svæðum utan vega. ”

# Umfang undanþágu

- Samkvæmt c-lið 4. mgr. 16. gr. er lágmarksaldur við æfingar eða keppni innan samþykktra svæða:
  - Tvíhjóla torfærutæki:
    - Með aflvél allt að 80 rúmsentimetrar 12 ára.
    - Með aflvél allt að 125 rúmsentimetrar 14 ára.
    - Með aflvél allt að 250 rúmsentimetrar 15 ára.

# Veruleikinn

- Fjölmörg börn og ungmenni undir tilskyldum aldri stunda reglulegar æfingar á torfærubifhjólum.
- Alger vöntun á æfinga- og keppnisvæðum fyrir börn og ungmenni.

# Ákvæði 22. gr.

- 22. gr. Reglugerðar um akstursíþróttavæði
  - Lögreglustjóra er heimilt að leyfa starfsemi þar sem akstur ungra barna fer fram. Starfsemin skal vera undir eftirliti og umsjón fullorðins starfsmanns sem leiðbeinir og gætir alls öryggis……..

- 22. gr. Á augljóslega ekki við akstur barna á torfærubifhjólum.

# Akstur barna frá 5-12 aldurs

- Þörf á sambærilegri undanþágu og finnst í 22. gr. hvað varðar torfærubifhjól.

- Fullur vilji VÍK og allra aðildarfélaga til þess að fullnægja þeim skilyrðum sem sett yrðu fyrir slíkri undanþágu m.a. hvað varðar öryggisráðstafanir og tryggingar.

# Niðurstaða?

- Til þess að koma á friði á milli allra hagsmunaaðila þarf:
  - Að breyta reglum um skráningu og tryggingu torfærubifhjóla sem ekki eru ætluð til aksturs á vegum.
  - Að rýmka undanþágur er varða heimildir 5-12 ára barna til þess að aka torfærubifhjólum á sérstökum lokuðum æfinga- og keppnisvæðum.
  - Að fjölga verulega æfinga og keppnissvæðum.